

ÁRSSKÝRSLA 2023

Umhverfisevni Snæfellsness



Efnisyfirlit

Umhverfisvottun Snæfellsness	3
Byggðasamlag Snæfellinga	3
Dagleg starfsemi	3
Fjármögnun	4
Árangur á Snæfellsnesi	4
Helstu verkefni umhverfisvottunarinnar	6
Úttekt og vottun	8
Umhverfisvísar.....	8
Orkunotkun	9
Losun gróðurhúsalofttegunda	9
Neysluvatn	11
Úrgangsmál	12
Innkaup.....	13
Samfélagsmál	14
Aðrir skylduvísar	15
Fyrirlestrar	17

Umhverfissvottun Snæfellsness

Árið 2008 hlutu sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur¹ umhverfissvottun EarthCheck samtakanna sem umhverfismeðvitað samfélag sem ynni markvisst að úrbótum í umhverfismálum í átt til sjálfbærari starfshátta. Höfðu sveitarfélögin unnið umfangsmikla undirbúningsvinnu til fimm ára áður en vottun hlaut. Áfanginn vakti athygli innan lands sem utan þar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi voru þau fyrstu í Evrópu til þess að hljóta slíka vottun og fjórða samfélagið í heiminum öllum. Vottunarsamtökin krefjast sífelldra úrbóta á sviði umhverfismála á milli ára og á svæðið mætir óháður úttektaraðili sem tekur svæðið út árlega. Á heimasíðu vottunarverkefnisins (www.nesvottun.is) er hægt að finna upplýsingar um vottunarsamtökin, sjálfbærnistefnu sveitarfélaganna og upplýsingar um umhverfissvottun sveitarfélaganna almennt.

Hér verður gerð grein fyrir umhverfissvottunarverkefninu á Snæfellsnesi árið 2023 og niðurstöðum tölulegra gagna fyrir árið 2022.

Byggðasamlag Snæfellinga

Umhverfissvottunarverkefninu á Snæfellsnesi er stýrt af Byggðasamlagi Snæfellinga, samráðsvettvangi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi sem aðild eiga að vottuninni. Framan af, eða frá árinu 2004, var verkefninu stjórnað af Framkvæmdaráði Snæfellsness, sem skipað var áhugasömum fulltrúum frá hverju sveitarfélagi. Ástæða þótti til að tengja ráðið nánar við ákvörðunarvald sveitarstjórna og var fyrirkomulaginu því breytt árið 2009 þegar sveitarstjórar voru skipaðir í framkvæmdaráðið. Árið 2017 breyttist það svo í stjórn Byggðasamlags Snæfellinga, sem tók um leið yfir verkefni Héraðsnefndar Snæfellinga. Byggðasamlaginu er m.a. ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af sveitarfélögunum í tengslum við umhverfissvottun Snæfellsness.

Fulltrúar Byggðasamlags Snæfellinga árið 2023 voru:

Jakob, Björgvin Jakobsson, bærarstjóri Sveitarfélagsins Stykkishólms

Kristinn Jónasson, bærarstjóri Snæfellsbæjar

Björg Ágústsdóttir, bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Sigurbjörg Ottesen, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps

Dagleg starfsemi

Byggðasamlagið hefur gert þjónustusamning við Náttúrustofu Vesturlands um að sinna daglegum rekstri verkefnisins. Á Náttúrustofunni starfar faglærður starfsmaður í stöðu verkefnastjóra umhverfissvottunar Snæfellsness, sem sinnir daglegum störfum vegna umhverfissvottunarinnar ásamt

¹ Stykkishólmsbær og Helgafellssveit sameinuðust vorið 2022 og nafn sameinaðs sveitarfélags fékk nafnið Sveitarfélagið Stykkishólmur.

því að leiða framkvæmd verkefnisins. Guðrún Magnea Magnúsdóttir hefur gengt stöðu verkefnastjóra frá 1. september 2017 og er starfhlutfall hennar 80%.

Dagleg starfsemi verkefnisins felst ekki einungis í störfum verkefnastjóra og annarra starfsmanna Náttúrustofunnar. Allir starfsmenn og stofnanir sveitarfélaganna eiga að fylgja stefnu verkefnisins varðandi ákvarðanir sem tengjast daglegum rekstri. Þannig bera t.d. ákveðnir starfsmenn stofnana sveitarfélaga ábyrgð á tölulegum skráningum til útreikninga sjálfbærnivísa, sem verkefnastjóri safnar svo saman. Sveitarfélagið Stykkishólmur sér um greiðslur og bókhald verkefnisins.

Fjármögnun

Kostnaður við umhverfissvottun Snæfellsness árið 2023 var um 9 milljónir. Stærstur hluti þess kostnaðar voru laun verkefnastjóra en annar kostnaður var meðal annars skráningargjöld hjá vottunarsamtökum. Rekstrarfé verkefnisins kom frá þeim fjórum sveitarfélögum sem að verkefninu standa og skiptist kostnaður á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda hvers sveitarfélags.

Árangur á Snæfellsnesi

Samfélag og lýðheilsa

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi og Embætti landslæknis undirrituðu árið 2023 samstarfssamning um þátttöku sveitarfélaganna í verkefninu *Heilsueflandi samfélag*. Meginmarkmið *Heilsueflandi samfélags* var að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðluðu að heilbrigðum lífnaðarháttum, bættri heilsu og vellíðan allra íbúa. Með undirritun samningsins bættust sveitarfélögin á Snæfellsnesi í hóp þeirra sveitarfélaga sem höfðu tekið frumkvæði að því að skuldbinda sig til að efla lýðheilsu og lífsgæði íbúa sinna á markvissan hátt.

Gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna að árlega geti íbúar og félagasamtök innan hvers sveitarfélags sótt um styrki með því að skila inn greinargerð um fyrirhugað verkefni. Slíkt fyrirkomulag var meðal annars viðhaft árið 2023. Styrkir af þessu tagi eru ætlaðir til að styðja við nýsköpun og efla fjölbreytt félags- og menningarstarf í sveitarfélögunum, með það að markmiði að styrkja samfélagið og auka lífsgæði íbúa.

Á árinu var áhersla lögð á verkefni sem styðja nýsköpun og atvinnulíf í sveitarfélögunum. Regluleg viðvera atvinnuráðgjafa hefur verið tryggð til að veita íbúum ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit, starfsþróun og frumkvöðlastarf. Auk þess hafa sveitarfélögin, í gegnum Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), hvatt íbúa til að sækja um styrki úr uppbyggingarsjóði Vesturlands, sem býður upp á fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar, atvinnusköpunar og þróunar verkefna á landsbyggðinni. Sveitarfélögin hafa einnig kynnt íbúum og frumkvöðlum aðra möguleika til atvinnusköpunar og fjármögnunar á landsbyggðinni, með það að markmiði að styrkja atvinnulíf og efla samfélagslega þróun á Snæfellsnesi.

Menningarlíf á Snæfellsnesi

Árið 2023 var fjölbreytt og öflugt í félags- og menningarmálum á Snæfellsnesi. Svæðisgarðurinn á Snæfellsnesi stóð fyrir ýmsum viðburðum og samstarfsverkefnum sem miðuðu að því að efla samfélagslega þátttöku, menningu og sjálfbæra þróun. Þar á meðal var Sælkerabíllinn, farandviðburður sem sameinaði matarmenningu, staðbundnar afurðir og samfélagslega upplifun, auk málþings um þátttöku Snæfellsness í UNESCO Man and Biosphere. Einnig var unnið að verkefnum sem stuðluðu að fjölmeningarsamfélagi, sjálfbærri ferðaþjónustu, landslagsarkitektúr með Snæfellsnes að fyrirmynd og miðlun sögu og menningar svæðisins, meðal annars með sýningunni Sjókonur á Snæfellsnesi. Víða á Snæfellsnesi voru haldin miðnætursund, og er það sameiginleg stefna að bjóða upp á slíkan viðburð árlega. Byggðasafn Snæfellinga opnaði á árinu nýja grunnsýningu í Norska húsinu undir heitinu *Hjartastaður*, og Snæfellsjökulspjóðgarður fagnaði 22 ára afmæli sínu með fjölbreyttum hætti.

Fegrun umhverfisins

Á meðal annarra samfélagsverkefna tóku sveitarfélögin á Snæfellsnesi þátt í árlega viðburðinum Stóra plockkdeginum, með skipulögðum hreinsunarátökum og markvissri hvatningu til íbúa og fyrirtækja um þátttöku. Hreinsað var víða, meðal annars meðfram fjörum, innan þéttbýlis og meðfram vegum. Viðburðurinn er orðinn fastur liður í samfélagsstarfi sveitarfélaganna og nýtur mikilla vinsælda.

Jafnframt voru haldnar umhverfisgöngur, þar sem sveitarstjórnarfolk og starfsfolk þjónustusviðs fóru í skipulagðar göngur um hverfi sveitarfélaganna. Þar gafst íbúum tækifæri til að eiga samtal við fulltrúa sveitarfélaganna um innviði, gatnakerfi og önnur tengd málefni. Þessir viðburðir hafa einnig fest sig í sessi og reynst góður vettvangur fyrir samtal og samvinnu ólíkra aðila innan sveitarfélaganna. Íbúar í sveitum Snæfellsbæjar tóku þátt í árlegri umhverfishreinsun í byrjun sumars. Gámum var komið fyrir á ákveðnum stöðum þar sem íbúar gátu komið frá sér hlutum til förgunar, sérstaklega brotajárni, úrgangstimbri og spilliefnum.

Samráð við íbúa

Íbúasamráð er mikilvægur þáttur í starfsemi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og miðar að því að tryggja virkt samtal við íbúa um málefni sem snerta nærumhverfi þeirra og framtíðarþróun samfélagsins. Auk íbúafunda nýta sveitarfélögin fjölbreyttar leiðir til samskipta við íbúa og leggja áherslu á að auðvelda aðgengi að samtali, meðal annars með því að hvetja til ábendinga og umsagna í gegnum heimasíður sveitarfélaganna og aðrar stafrænar leiðir.

Á árinu 2023 fóru fram fjölmörg verkefni og viðburðir sem miðuðu að íbúasamráði og þátttöku. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes stóð fyrir málþingi um þátttöku svæðisins í UNESCO vistvangi, þar sem íbúar og hagsmunaaðilar voru hvattir til að taka þátt í umræðu um sjálfbæra þróun svæðisins. Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands bauð til vinnufunda um móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi, með áherslu á áhrif ferðaþjónustu og samspil hennar við samfélögin. Þá var send út könnun meðal eldri borgara um húsnæðismál, auk könnunar um uppsetningu

gagnvirkar hraðahindrunar í Ólafsvík, sem gaf íbúum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um umferðaröryggi. Í Grundarfirði var jafnframt boðað til íbúafundar vegna móttunar nýrrar menntastefnu sveitarfélagsins.

Orkusparnaður

Á árinu hlaut Grundarfjarðarbær styrk úr Orkusjóði til innleiðingar á varmadælukerfi, sem er liður í markvissum aðgerðum sveitarfélagsins til að draga úr orkunotkun og auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Varmadæluvæðingin stuðlar að bættri orkunýtni, lægri rekstrarkostnaði til lengri tíma lítið og minni umhverfisáhrifum. Jafnframt hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi unnið markvisst að því að skipta út hefðbundinni götulýsingu fyrir LED-lýsingu, í þeim tilgangi að spara orku og bæta rekstrarhagkvæmni. LED-væðing götulýsingar leiðir til minni raforkunotkunar, lengri endingartíma ljósgjafa og dregur úr kolefnisspori sveitarfélaganna, auk þess sem hún stuðlar að bættri lýsingu og auknu öryggi íbúa.

Helstu verkefni umhverfissvottunarinnar

Tvíþætt starfsemi fellur undir vottunarverkefnið. Annars vegar er um að ræða verkefni sem nauðsynlegt er að framkvæma árlega til þess að viðhalda vottun. Hins vegar er um að ræða ýmis tilfallandi verkefni sem styðja við vottunina og ýta undir hvers kyns úrbætur í umhverfismálum á Snæfellsnesi. Helstu verkefni á vegum umhverfissvottunar Snæfellsness árið 2023 voru eftirfarandi:

Gagnasöfnun og vöktun

Eitt af árlegum verkefnum í tengslum við umhverfissvottun sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er gagnasöfnun vegna frammistöðumats svæðisins. Meðal þeirra gagna sem þarf að afla er mæling á svonefndum umhverfisvísnum eða sjálfbærnivísnum, þá einkum auðlindanotkun, neyslu og sorplosun. Þessum gögnum er skilað inn til vottunarsamtakanna sem meta hvort svæðið hefur staðist viðmið. Að auki er stefnumótun, áætlanagerð og aðferðafræði við útreikninga á gögnum metin, meðal annarra þátta. Niðurstöður vottunarsamtakanna um frammistöðu sveitarfélaganna samkvæmt umhverfisvísnum er að finna hér aftast í skýrslunni.

Sjálfbærnistefna og aðgerðaáætlanir sveitarfélaganna

Byggðasamlag Snæfellinga samþykkti að verkefnastjóri umhverfissvottunarinnar tæki að sér það verkefni að gera loftslagsstefnu fyrir Snæfellsnes, sem uppfyllir lög nr. 70/2012 um loftslagsmál. Að auki verður hvert sveitarfélag með aðgerðaáætlun með mælanleg, tímasett og raunhæf markmið. Byggt er á Stefnan mun bera heitið *Sjálfbærnistefna Snæfellsness*.

Ýmis samskipti

Eins og undanfarin ár sá verkefnastjóri um samskipti við EarthCheck vottunarsamtökin hvað varðar ýmis hagnýt málefni, greiðslur, undirbúning úttekta og fleira tilfallandi. Reglulega er verkefnastjóri í samskiptum við erlenda aðila sem eru með umhverfissvottun eða stefna á slíka vottun. Reglulega fara

fram viðtöl við innlenda og erlenda miðla um frammistöðu sveitarfélaganna og hvernig samstarfi er háttað á svæðinu. Erlendir hópar, stórir og smáir, með háskólanemum eða starfsfólki opinberra stofnana erlendis koma af og til og fá fræðslu hjá Náttúrustofu Vesturlands, verkefnastjóra eða öðrum samstarfsaðilum vegna umhverfisvottunarinnar.

Verkefnastjóri heldur úti heimasíðunni **www.nesvottun.is** þar sem finna má helstu upplýsingar um verkefnið og aðstandendur þess, auk fréttu og ljósmynda. Auk heimasíðunnar sér verkefnastjóri um síður verkefnisins á samfélagsmiðlum. Þar eru settar inn fréttir af verkefninu og ýmiss konar fróðleikur um umhverfismál.

Undirbúningur úttektar og móttaka úttektaraðila

Til þess að viðhalda vottun er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Koma úttektaraðila á svæðið felur í sér nokkurn undirbúning hjá verkefnastjóra. Undirbúningur úttektar fór fram um haustið og átti úttekt að fara fram í desember, en tafðist vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Úttekt fór því fram 7.-8. febrúar árið 2024.

Fræðsla og kynning

Á árinu 2023 var unnið markvisst að fræðslu, samstarfi og miðlun þekkingar á sviði umhverfis- og loftslagsmála á Snæfellsnesi. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hélt í maí ráðstefnu í Stykkishólmi um fráveitumál á Vesturlandi, þar sem fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi fluttu erindi um stöðu og áskoranir í málaflokknum. Jafnframt hélt Náttúrustofa Vesturlands erindi á ráðstefnunni, auk þess sem verkefnastjóri umhverfisvottunarverkefnisins á Snæfellsnesi fjallaði um fráveitumál í umhverfisvottuðum samfélögum, með Snæfellsnes sem dæmi. Verkefnastjóri hélt einnig erindi um mikilvægi umhverfisstjórnunarkerfa fyrir sveitarfélög í heimsókn Mosfellsbæjar á Snæfellsnes, auk þess að halda árlegt fræðsluerindi fyrir vinnuskóla Snæfellsness, þar sem fjallað var um fjölbreytt umhverfismál með áherslu á vitundarvakningu ungrar kynslóðar. Þá kom samstarfshópur landssamtakanna um loftslagsmál saman á árinu og hélt verkefnastjóri EarthCheck á Snæfellsnesi fyrirlestur um alþjóðlegt umhverfisvottunarkerfi og hlutverk þess í loftslagsaðgerðum sveitarfélaga. Að auki var Byggðasafni Snæfellinga og verkefnastjóra EarthCheck boðið til Gdańsk í Póllandi í tengslum við opnunaráhitið alþjóðlegs verkefnisins Shape um fjölmenningu, atvinnulíf og loftslagsmál. Þar flutti verkefnastjóri erindi um Snæfellsjökul, sjávarútveg og tengsl þeirra við fjölmenningu og atvinnuþróun á Snæfellsnesi, og var þátttakan liður í alþjóðlegu samstarfi og miðlun reynslu Snæfellsness á sviði sjálfbærrar þróunar. Verkefnastjóri veitir almennt fræðslu fyrir ýmsa hópa sem koma í þeim tilgangi að fræðast um sjálfbærnimarkmið sveitastjórna eða þeim sem sækjast eftir fræðslu um verkefnið.

Úrbætur athugasemda

Árið 2023 var unnið að úrbótum athugasemda frá síðustu úttekt. Auk frammistöðuskýrslu fær Snæfellsnes úttektarskýrslu eftir hverja úttekt. Í báðum skýrslum eru ýmist ráðleggingar um úrbætur eða kröfur um úrbætur. Úrbæturnar voru ýmist minniháttar eða meiriháttar.

Úttekt og vottun

Vottunarsamtökin EarthCheck meta fyrst og fremst árangur af starfsemi sveitarfélaganna, sérstaklega verkefni sem miðar að aukinni náttúruvernd og eflir samfélag og auðlindanotkun og dregur úr losun sorps og gróðurhúsalofttegunda ásvæðinu. Að mati EarthCheck náðu sveitarfélögin nokkrum árangri í þágu umhverfis og samfélags árið 2023, en mat svo að ýmislegt mætti betur fara sem sveitarfélögin hafa brugðist við.

Til þess að viðhalda vottuninni er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Undirbúningur fyrir úttekt hófst um sumarið 2023 og tölulegum gögnum um auðlindanotkun sveitarfélaganna var skilað til vottunarsamtakanna EarthCheck í september 2023 sem sendu skýrslu til baka um frammistöðu Snæfellsness og samþykktu sjálfsmat sveitarfélaganna. Úttektin fór fram í febrúar árið 2024. Úttektaraðili kom frá Vottunarstofunni Tún og stóð hún yfir í tvo daga. Fyrri dagur úttektar fór í yfirferð gagna sem studdu við því sem skilað var til frammistöðumats. Hér að neðan eru niðurstöður þeirrar úrvinnslu, staða tölulegra gagna með athugasemdum og ráðleggingum. Á degi tvö var farið í vettvangseftirlit á fyrirfram ákveðnum innviðum á Snæfellsnesi; áhaldahúsi, sundlaug, höfnum og gámasvæði. Í úttektarskýrslu sem var afhent verkefnastjóra nokkrum vikur síðar komu fram nokkrar athugasemdir ásamt frábrigðum sem brugðist var við og heldur sú vinna áfram þar til úrbætur eru taldar fullnægjandi.


Umhverfisvísar

Á hverju ári er upplýsingum um auðlindanotkun sveitarfélaganna safnað saman. Þetta verkefni er unnið í samvinnu verkefnastjóra, starfsfólks og íbúa sveitarfélaganna og stofnana sem starfa á landsvísu. Unnið er úr upplýsingunum og þær sendar til EarthCheck í Ástralíu, sem vinnur þær enn frekar og reiknar út frammistöðu sveitarfélaganna. Gögnin eru unnin í samvinnu: starfsfólk EarthCheck greinir og staðfestir þau samkvæmt vísindalegum stöðlum, en háskólar og rannsóknaraðilar koma stundum að aðferðafræði og yfirferð, og áfangastaðirnir sjálfir leggja fram gögn og staðfesta mælingar. Um er að ræða blandað samstarf til að tryggja bæði gæði og staðbundna innsýn. Vottunarsamtökin gefa í kjölfarið út frammistöðuskýrslu um niðurstöður hvers árs (Benchmarking assessment report).

Samkvæmt skýrslu EarthCheck fyrir tölur ársins 2022 stóðust sveitarfélögin á Snæfellsnesi viðmið samtakanna. Níu af þeim umhverfisvísam sem voru metnir eru við eða yfir viðmið sem samtökin telja framúrskarandi árangur. Sex vísar falla fyrir neðan það sem skilgreint er sem lágmarksviðmið; fjöldi líkamsárása miðað við íbúafjölda, magn nituroxíðs, notkun skaðlegra efna, hlutfall friðlýstra svæða, aðgerðir til vatnssparnaðar og fjöldi umhverfisvottaðra fyrirtækja. Sveitarfélögin eru hvött til þess að vinna að úrbótum hvað þessa þætti varðar. Hér á eftir verður fjallað um þá umhverfisvísa sem fylgst er með á Snæfellsnesi, hvernig gögnum er safnað og niðurstöður fyrir árið 2022 birtar. Myndirnar sem sýna niðurstöður útreikninganna eru fengnar úr frammistöðuskýrslu EarthCheck fyrir Snæfellsnes.

Orkunotkun

Orkuvísir EarthCheck skiptist í fimm þætti; raforku sem keypt er úr dreifikerfi rafveitnanna, orku sem fengin er á svæðinu svo sem hitaveita, eldsneytisnotkun ökutækja, olíunotkun til kyndingar mannvirkja og flotaolía frá skemmtiferðaskipum svæðisins (Baldur og Særún). Upplýsingar um orkunotkun eru misaðgengilegar eftir uppsprettum og að sama skapi er misjafnt að hve miklu leyti sveitarstjórnirnar á Snæfellsnesi geta haft áhrif á nýtingu orkunnar. Á myndinni má sjá mikinn mun á orkunotkun á árinu 2018 og árunum á undan. Munurinn er útskýrður með töluverðri minnkun á raforku og hitaveitu sem framleidd og neytt er á svæðinu og breyttri aðferðafræði við útreikninga eldsneytisnotkunar á svæðinu. Árið 2018 var aðferðafræðin endurskoðuð og í ljós kom að svæðið hafði verið að notast við gamlar tölur um meðalneyslu ökutækja.



1. Mynd: Orkunotkun á mannár á Snæfellsnesi². Græna línan sýnir framúrskarandi árangur og sú bláa sýnir lágmarkskröfur EarthCheck. Orkunotkun á Snæfellsnesi árið 2021 var 158 GJ eða 11% yfir lágmarksviðmiðum EarthCheck. Á myndinni má sjá að orkunotkun hefur staðið í stað á árunum 2007-2016 en skyndilega minnkaði árið 2017.


Losun gróðurhúsalofttegunda

Á Snæfellsnesi er stærsti hluti beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum (bíla- og skipaumferð) og notkun vinnuvéla, en raf- og hitaveitur losa hlutfallslega lítið. Sundlaugin í Grundarfirði er hituð með olíu (en stefnt að orkuskiptum, yfir í varmadælur) og er olía sömuleiðis varaafli fyrir íþróttamannvirki í Ólafsvík. Loks má geta þess að umtalsvert magn af gróðurhúsalofttegundum losnar vegna umsvifa fiskiskipaflota svæðisins en ekki er reynt að meta umfang þeirrar losunar. Eins og hjá öðrum Jarðarbúum fylgir Snæfellingum einnig heilmikil óbein losun vegna kaupa þeirra á ýmsum vörum, sem valdið hafa mismikilli losun í framleiðslu- og


² Mannár er reiknað út frá íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Fjöldi ferðamanna á svæðinu er reiknaður út frá gistinóttum á svæðinu. Mannár á Snæfellsnesi árið 2022 var 4.920.

flutningsferli. Síðast en ekki síst ber hér að nefna að rannsóknir hafa sýnt að umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda verður úr framræstu votlendi og við ofbeit og á það ekki síður við hér en annars staðar.

Vottunarsamtökin reikna út meðallosun á svæðinu út frá þeim gögnum sem skilað er, þ.e. losun ökutækja sem skráð eru í eigu á Snæfellsnesi, skemmtiferðaskipunum Baldri og Særúnu, og óbeinni losun frá sorplosun. Það er ýmislegt sem vantar í gagnagrunninn til þess að fá raunhæfa mynd af allri losun á svæðinu, t.d. losun frá ökutækjum ferðamanna og fiskibátaflotans, en því miður eru takmörk sett hvernig við getum aflað okkur gagna. Á árinu 2017 má sjá gífurlega lækkun losun koltvísýrings, en hún er útskýrð út frá uppfærðri aðferðafræði. Vorið 2018 fengum við ráðgjöf frá Stefáni Gíslasyni, sérfræðingi og stofnanda Environice ehf. Farið var yfir aðferðafræði við útreikninga og í ljós kom að uppfæra þurfti útreikninga við losun jarðefnaeldsneytis frá ökutækjum. Einnig komumst við í áreiðanleg gögn um meðallosun ökutækja á Íslandi eftir árum sem gefur okkur skýrari mynd af meðallosun ár hvert. Vottunarsamtökin reikna einnig út magn gróðurhúsalofttegunda sem losna við urðun á úrgangi (mynd 3).




2. Mynd: Bein losun gróðurhúsalofttegunda á íbúa á Snæfellsnesi var 3,8 tonn af CO₂ árið 2022. Af myndinni má sjá að losun jókst frá 2007-2016 en svo minnkað árið 2017. Minnkun losunar má að hluta til draga frá uppfærðri aðferðafræði og greiðara aðgengi að gögnum.



3. Mynd: Losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs sem urðaður var árið 2022 var reiknuð sem 0,55 tonn af CO₂ á mannár. Losunin hefur aukist hægt frá 2014 og við það lækkar einkunn fyrir frammistöðuna.

Neysluvatn

Upplýsingar um vatnsnotkun voru bæði byggðar á mældum og áætluðum tölum. Tölur um vatnsnotkun í Stykkishólmi og Grundarfirði eru byggðar á raunverulegum tölum þar sem Orkuveita Reykjavíkur sem er eigandi að vatnsveitunum þar er með nákvæma mæla fyrir sínar vatnsveitur. Tölur yfir vatnsnotkun á mann fyrir Snæfellsbæ var áætluð sú sama og fyrir Grundarfjörð til ársins 2018, þar sem sveitarfélögin hafa verið með svipaðan iðnað. En vegna breytinga í iðnaði í Grundarfirði haustið 2018 og þar að leiðandi vatnsnotkunar, voru tölur fyrir notkun Snæfellsbæjar árin 2019, 2020 og 2021 (vatnsnotkun á mannár) þær sömu og árið 2018 til að gefa raunhæfari mynd. Fyrir dreifbýlið var notkunin áætluð út frá meðaltalstölum svipaðra svæða á Íslandi (700 l /mann/dag (innifalið iðnaður, fiskvinnsla og landbúnaður).




4. Mynd: Neysluvatnsnotkun á Snæfellsnesi var 421 kílólítrar (þúsund lítrar) á mannár. Af myndinni má sjá að notkunin minnkaði talsvert á árunum 2006-2008, en jókst svo aftur eitthvað frá 2009-2013. Frá árinu 2014 hefur dregið verulega úr neysluvatnsnotkun á Snæfellsnesi, sem að hluta má tengja við minni starfsemi í fiskvinnslu á svæðinu.

Úrgangsmál



5. Mynd: Magn úrgangs sem sendur var til urðunar árið 2022 var 1,5 rúmmetrar á mannár sama og árið 2019, rétt fyrir ofan lágmarksviðmið EarthCheck. Á línuritinu má sjá þróun á aukningu á sorpi sent til urðunar sem sér ekki fyrir endann á.




6. Mynd: Hlutfall endurunnins úrgangs var 39% á árinu 2022.


Innkaup

Sveitarfélögin hafa sett sér sameiginlega stefnu um að kaupa umhverfismerktan pappír og hreinsiefni þar sem kostur gefst. Samkvæmt kröfum EarthCheck safna sveitarfélögin tölum yfir hlutfall umhverfismerks pappírs og hreinsiefna sem keypt eru á vegum sveitarfélaganna. Þessi gögn eru fengin frá þeim birgjum sem sveitarfélögin eiga viðskipti við. Verkefnastjóri tekur gögnin saman og sendir niðurstöðurnar inn til vottunarsamtakanna. Samtökin gefa sveitarfélögunum einkunn fyrir umrædd innkaup (sjá myndir 6 og 7).

Vottunarsamtökin gera enn fremur kröfur um að fylgst sé með notkun varnarefna sem skaðleg eru náttúrunni. Þetta eru efni sem brotna hægt niður í náttúrunni og valda ýmiss konar skaða, þar á meðal með því að hafa hormónaverkun á ýmsar lífverur. Skráning sveitarfélaganna hefur ekki náð nægilega vel utan um notkun umhverfisskaðlegra varnarefna gegn skordýrum, nagdýrum, sveppum og gróðri. Notkunin er að líkindum fremur lítil en skortur á haldbærum upplýsingum skýrist einkum af því að undirverktakar sjá oft um eitrun, t.d. gegn skaðvöldum á gróðri.




7. Mynd: Hlutfall af umhverfismerks pappírs af heildarpappírsinnkaupum til sveitarfélaganna, nánar tiltekið skipt í skrifstofupappír, servíettur, bréfpurrkur, salernispappír og handpurrkur. Á árinu 2022 taldist árangur Snæfellsness í þessu sambandi vera 93,3%, og nokkuð yfir framúrskarandi árangri.




8. Mynd: Hlutfall umhverfismerkra hreinsiefna af heildarnotkun í stofnana sveitarfélaga á Snæfellsnesi, nánar tiltekið skipt í gólfþápur, alhliða hreinsiefni, glerhreinsiefni, þvottaefni og hreinlætissápur. Á árinu 2022 taldist árangur stofnana sveitarfélaga á Snæfellsness í þessu sambandi vera 71,6% sem er rétt undir frammúrskarandi árangri.


Samfélagsmál




9. Mynd: Hlutfall skráðra þjófnaða á Snæfellsnesi. Samfélagsmál eru mikilvæg til þess að gefa mynd af stöðu sjálfbærnimála á Snæfellsnesi og meðal þeirra eru glæpir og staða atvinnuleysis. Á Snæfellsnesi var hlutfall þjófnaðar á hvern íbúa 0,25%.



10. Mynd: Hlutfall skráðra þjófnaða á Snæfellsnesi. Samfélagsmál eru mikilvæg til þess að gefa mynd af stöðu sjálfbærnimála á Snæfellsnesi og meðal þeirra eru glæpir og staða atvinnuleysis. Á Snæfellsnesi var hlutfall þjófnaðar á hvern íbúa 0,25%.



11. Mynd: Hlutfall umhverfisvottaðra ferðaþjónustuaðila á Snæfellsnesi. Frá upphafi vottunar hafa þrjú ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi, hlotið umhverfisvottun. Hlutfall vottaðra ferðaþjónustufyrirtækja á Snæfellsnesi er undir mörkum samkvæmt staðli EarthCheck samtakanna. Svæðið hefur því fengið áminningu hvað þetta atriði varðar og vottunarsamtökin gert kröfur um úrbætur sem fyrst. Meirihluti fyrirtækja falla ekki beint undir starfsemi sveitarfélaganna en þó eru þær kröfur gerðar að sveitarfélögin hvetji og aðstoði fyrirtæki innan svæðisins til þess að starfsemi sína vottaða.



12. Mynd: Vatnssýni sem standast gæðakröfur, sem hlutfall að öllum vatnssýnum sem tekin eru. Upplýsingar um vatnssýni árið 2022 voru fengnar frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Fyrirlestrar

1. **Consequences of Climate Change before our Eyes: What does it mean for Snæfellsnes and our Visitors?** Guðrún M. Magnúsdóttir. Ráðstefna þjóðfræðideildar Þjóðminjasafnsins í Gdansk, Environmental Collaborations: Climate, Migration and Heritage, 25. október 2023.
2. **Snæfellsnes Sustainability Program. Guðrún M. Magnúsdóttir.** Heimsókn nemenda frá Háskóla British Columbia, Tónlistarskólinn í Stykkishólmi, 15. maí 2023.
3. **Snæfellsnes Sustainability Program. Guðrún M. Magnúsdóttir.** Heimsókn mastersnema frá Landbúnaðarháskóla Íslands, ráðhúsinu í Stykkishólmi, 14. apríl 2023.
4. **Umhverfismál: mál sem skipta máli?** Guðrún M. Magnúsdóttir. Fræðsla fyrir vinnuskólann í Grundarfjarðarbæ, 11. júní 2023.
5. **Umhverfissvottuð samfélög og fráveitumál.** Guðrún M. Magnúsdóttir. Fundur um fráveitumál á Vesturlandi, Fosshótel Stykkishólmi, 25. maí 2023.
6. **Umhverfissvottun EarthCheck á Snæfellsnesi.** Guðrún M. Magnúsdóttir. Fjarfundur samstarfshóps landshlutasamtakanna um loftslagsmál, 18. janúar 2023.
7. **Umhverfissvottun Snæfellsness.** Guðrún M. Magnúsdóttir. Fundur Byggðasamlags Snæfellinga, ráðhúsinu í Stykkishólmi, 16. febrúar 2023.
8. **Umhverfissvottun Snæfellsness.** Guðrún M. Magnúsdóttir. Kynning fyrir Mosfellssveit, Fosshótel Stykkishólmi, 8. september 2023.